

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 135. löggjafarþings, frá 14. desember 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 15. janúar 2008.

*Gjört í Reykjavík, 14. desember 2007.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*“

Alþingi samþykkti hinn 13. desember 2007 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 135. löggjafarþings, frestað hinn 14. desember 2007.

*Forsætisráðuneytinu, 14. desember 2007.*

**Geir H. Haarde.**

---

*Bolli Þór Bollason.*